

ÍRIS

- Ertu búin að sjá hann?

- Hann hvern?

Íris grettir sig um leið og hún lyftir töskunni upp á axlirnar.

Hún er orðin þung nú þegar af öllum möppunum, stílabókunum

og draslinu sem þeim var sagt að kaupa. Hvernig

verður hún eiginlega þegar námsbækurnar bætast við?

- Nýja strákin. Þennan sem á víst að byrja í bekknum.

Sara sá hann í gær uppi í skóla. Hann er svartur!

Eydísi er auðheyranlega mikið niðri fyrir og Íris snýr sér

að henni undrandi á svip.

- Nei, ég er ekki búin að sjá hann. Hvernig þá svartur?

- Svona dökkur og með svart krullað hár. Hann hlýtur

að vera útlenskur, Sara sá hann bara, hún heyrði hann ekki

tala neitt ...

- Hann getur alveg verið íslenskur þótt hann sé dökkur,

það er fullt af krökkum sem eiga kannski útlenska mömmu

eða pabba eða sem hafa verið ættleiddir eða eitthvað.

María í hinum bekknum á pólska mömmu en hún er samt

íslensk.

- Já, en þetta er samt öðruvísi.

- Mér finnst það ekkert öðruvísi, segir Íris fastmælt.

- Það fer ekkert eftir því hvernig maður er á litinn hvort

maður er íslenskur.

Þegar stelpurnar nálgast skólalóðina bætist í hópinn og

þær heilsa skólasystkinunum einu af öðru. Þau hafa flest

haldið hópinn lengi, sum hafa verið saman í bekk alveg

síðan þau byrjuðu í skóla. Í dag er fyrsti skóladagur haustsins en í gær máttu þau sækja stundaskrána og innkaupalistann. Íris kom ekki heim frá afa sínum og ömmu fyrr en um hádegisbilið í gær og fór þá beint í árlegan innkaupaleiðangur með mömmu sinni að kaupa skóladótið. Henni finnst hún varla tilbúin að byrja undireins í skólanum. Það er skrytið að koma allt í einu í allan þennan ys og þys eftir friðinn og rólegheitin í sveitinni.

Þegar þjallan hringir flykkjast krakkarnir inn í skólann.

Þórey verður áfram með umsjón með bekknum eins og tvo síðastliðna vetur og hún tekur brosandi á móti þeim í dyrunum á stofunni þeirra. Íris brosir á móti þegar hún heilsar henni. Þórey getur svo sem verið alveg ágæt.

Íris gengur að gamla sætinu sínu í öftustu röð við gluggann. Eydís hengir töskuna sína á stólinn við hliðina.

Þær hafa verið sessunautar undanfarna vetur og Íris hefur ekkert á móti því að þær sitji saman áfram þótt þær séu ekkert nánar vinkonur. Þær eru nágrannar og eru samferða

í skólann flesta morgna. Eydís er ágætis stelpa en þær eiga ekki margt sameiginlegt og stundum getur hún jafnvel farið svolítið í taugarnar á Írisi. Eins og þetta með nýja strákinn. Hverjum er ekki sama hvernig hann er á litinn?

Það er allavega ekkert til að súpa svona hveljur yfir. Það er enginn nýr strákur sjáanlegur núna svo kannski er þetta allt saman tóm vitleysa.

Þau eru nýsest í sætin og Þórey er farin að messa yfir

þeim um mikilvægi þessa síðasta vetrar í grunnskóla þegar

drepið er á dyrnar. Þórey opnar fyrir skólastjóranum sem kemur inn, heilsar og býður krakkana velkomna aftur í skólann. Í fylgd með honum er strákur. Nýi strákurinn.

- Þetta er Tristan, segir skólastjórinn. - Tristan, þetta eru nýju bekkjarfélagarnir þínir. Þau eru bestu skinn þótt þau geti verið dálítið fyrirferðamikil stundum.

Skólastjórinn brosir til krakkanna og klappar á öxlina á Tristan að skilnaði. Hann stendur fyrir framan hópinn án þess að hreyfa sig á meðan Þórey og skólastjórinn skiptast á einhverjum orðum í hálfum hljóðum. Þegar dyrnar lokast að baki skólastjórans snýr Þórey sér að honum og segir:

- Tristan minn, vertu velkominn í hópinn. Nú þurfum við að finna handa þér sæti ...